**144. löggjafarþing 2014–2015.**
**Þingskjal 785 — 1. mál.**
**3. umræða.**

# Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015.

Frá Oddnýju G. Harðardóttur, Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur
og Brynhildi Pétursdóttur.

| | Skv. frv. m.kr. | Breyting m.kr. | Tillaga m.kr. |
|---|---|---|---|
| *Breytingar á sundurliðun 2:* | | | |
| Við **02-999 Ýmislegt** | | | |
| a. 1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis | 251,1 | 18,0 | 269,1 |
| b. *Greitt úr ríkissjóði* | *261,3* | *18,0* | *279,3* |

G r e i n a r g e r ð .

Tillaga þessi er tvíþætt. Annars vegar er gerð tillaga um 15 m.kr. framlag til aðgerðaáætlunar um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni, sbr. þingsályktun sem samþykkt var í vor (268. mál á 143. þingi). Hins vegar er gerð tillaga um 3 m.kr. framlag til framkvæmdar þingsályktunar frá árinu 2010 um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis (383. mál á 138. þingi).